

GJALDSKRÁ FYRIR TÓMSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir tómstundaheimili við Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjúlandsskóla, Álftanesskóla og Urriðaholtsskóla.

Í tómstundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjald fyrir dægurvöl í tómstundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

1- 10	klst./mán.	kr.	3.570
11-20	klst./mán.	kr.	7.140
21-30	klst./mán.	kr.	10.710
31-40	klst./mán.	kr.	14.280
41-50	klst./mán.	kr.	17.850
51-60	klst./mán.	kr.	21.420
61-70	klst./mán.	kr.	24.990
71-80	klst./mán.	kr.	28.560

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
6. desember 2018*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Úr gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á tómstundarheimilum grunnskólanna kr. 150 fyrir síðdegishressingu.